

Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim 2013



**Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og
reynsla af þeim:**

**Viðhorfskönnun meðal íbúa
höfuðborgarsvæðisins**



**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Upplýsinga- og áætlanadeild 2013**

Rannveig Þórisdóttir

Snorri Örn Árnason



Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....4

Aðferðir og gögn.....4

Starf lögreglu, aðgengi og sýnileiki.....5

Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum? 6

Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði? 7

Ef þú hugsar um árið 2012 leitaðir þú eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu? 8

Með hvaða hætti leitaðir þú eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu árið 2012? 9

Hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi? 10

Að hvaða leyti finnst þér lögreglan vera óaðgengileg? 11

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana? 12

Ótti við afbrot og öryggis tilfinning.....13

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein(n) í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skallið á eða eftir miðnætti um helgar? 14

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein(n) í þínu hverfi þegar myrkur er skallið á? 15

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/ byggðarlagi? 16

Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæð-ur þannig hjá þér árið 2012 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? 17

Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir? 18

Hversu miklar eða litlar voru áhyggjur þínar af því að verða fyrir afbroti árið 2012? 19

Hversu mikil eða lítil áhrif hafa áhyggjur af afbrotum á daglegt líf þitt? 20

Reynsla af afbrotum við afbrotum og tilkynnt brot.. 21

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2012? Innbroti eða þjófnaði/ofbeldisbroti/eignaskemmdum/kynferðisbroti? 23

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2012? Innbroti eða þjófnaði/ofbeldisbroti/eignaskemmdum/kynferðisbroti? Greint eftir löggæslusvæðum 24

Tilkynntir þú brotið til lögreglu? 25

Hvers vegna tilkynntir þú ekki afbrotið til lögreglunnar? 26

Hvers vegna tilkynntir þú afbrotið til lögreglunnar? 27

Helstu niðurstöður

- Yfirgnæfandi meirihluti (90%) sagði lögreglu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum, hlutfallið hefur lítið breyst milli kannanna.
- Flestir sjá lögreglu í sínu hverfi mánaðarlega eða sjaldnar (36%).
- Um 44% svarenda sögðust hafa haft samband við lögreglu með einhverjum hætti. Þar af nýttu flestir sér samfélagsmiðla lögreglu eða 47%.
- Tæp 76% svarenda sögðu lögregluna vera mjög eða frekar aðgengilega. Þetta hlutfall hækkar nú milli ára eftir að hafa lækkað síðustu ár.
- Af þeim sem fannst lögreglan vera óaðgengileg nefndu 44% ástæðu þess vera þá að engin lögreglustöð væri í hverfinu eða byggðarlaginu.
- Rúmlega 85% þátttakanda sögðust mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu í samskiptum við lögreglu, samanborið við 67% árið á undan.
- Um 59% svarenda töldu sig vera örugga eina á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur er skallið á eða eftir miðnætti um helgar.
- Yfirgnæfandi meirihluti (88%) taldi sig vera öruggan í sínu hverfi einan á gangi að næturlagi. Hlutfallið hefur haldist svipað í heildina síðustu ár.
- Hlutfallslega flestir töldu eignaskemmdir (21%) og umferðarlagabrot (20%) vera mesta vandamálið í sínu hverfi. Færri nefna innbrot en áður.
- Áfram fjölgar þeim sem segjast hafa upplifað aðstæður þannig síðasta árið að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti. Hlutfallið var 62% í þessari könnun og hefur hækkað með hverri könnun frá 2007.
- Sem fyrr óttuðust flestir að verða fyrir innbroti eða 41%.
- Meirihluti svarenda sagði áhyggjur sínar af afbrotum vera litlar og segja langflestir þær hafa lítil eða engin áhrif á líf sitt.
- Í könnuninni sögðust 43% svarenda hafa gripið til aðgerða til að verja heimili sitt fyrir afbrotum á árinu 2012 eða fyrr.
- Rúmlega 23% sögðust hafa orðið fyrir eignaskemmdum árið 2012. Ríflega 14% sögðust hafa orðið fyrir þjófnaði, 7% innbroti, 2,7% sögðust hafa orðið fyrir ofbeldisbroti og 1% kynferðisbroti.
- Lægra hlutfall (28%) sagðist hafa tilkynnt brot nú en í fyrri könnunum (41%). Af þeim sem urðu fyrir þjófnaði tilkynntu 34% brotið, 51% innbrotið, 27% ofbeldisbrotið og 21% eignaskemmdirnar.
- Flestir sögðust ekki hafa tilkynnt því að brotið væri ekki nógu alvarlegt.

Aðferðir og gögn

- Gagnaöflun var framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gagnasöfnun hófst 14. maí 2013 og lauk 23. júní 2013.
- Tekið var 2.000 manna tilviljunarúrtak fólks á aldrinum 18 til 75 ára af höfuðborgarsvæðinu úr netpanel Félagsvísindastofnunar.
- Fjöldi svarenda var 1.280 manns og svarhlutfallið því 64%.
- Stuðst var við svokallaðan netpanel. Þá er fyrirkomulagið þannig að þátttakendur sem þegar hafa samþykkt þátttöku í könnunum Félagsvísindastofnunar fá könnun senda til sín og svara rafrænt í gegnum internetið.
- Í síðustu könnun var þess leið notuð í fyrsta sinn, þar áður var farin blönduð leið, þ.e. helmingur svarenda svaraði könnuninni í gegnum síma og helmingur rafrænt í gegnum internetið. Í könnunum þar á undan svöruðu þátttakendur eingöngu gegnum síma*.
- Í töflunni hér að neðan sést hvernig svarendur skiptust í þýði eftir kyni og aldri og síðan í úrtakinu eftir að gögnin höfðu verið vigtuð. Talin var þörf á því að vigta hópana þar sem upprunalega endurspegluði úrtakið þýðið ekki nægilega vel. Vigtað var fyrir kyni, aldri og búsetu svarenda.

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda
Kyn				
Karl	72.026	49,8%	761	48%
Kona	72.466	50,2%	832	52%
Aldur				
18-25 ára	24.449	16,9%	232	14,6%
26-35 ára	30.441	21,1%	321	20,1%
36-45 ára	27.386	19,0%	324	20,4%
46-55 ára	27.148	18,8%	331	20,8%
56-65 ára	22.135	15,3%	257	16,1%
66-75 ára	12.933	9,0%	128	8,0%


*Vert er að hafa í huga að þátttakendur í netkönnunum eru líklegri til að svara „nær miðju“ í samanburði við þátttakendur í símakönnunum. Þátttakendur í netkönnunum eru þannig líklegri til að svara frekar sammála en mjög sammála og kann þetta að sjást þegar borin eru saman svör þessarar könnunar og þeirrar síðustu við fyrri kannanir. Í nokkrum tilfellum getur verið um töluverðan mun að ræða. Niðurstöður og samanburð niðurstaðna ber því að túlka með þeim fyrirvara að í síðustu tveimur könnunum var stuðst við aðra gagnaöflunarleið en í fyrri könnunum.

Starf lögreglu, aðgengi og sýnileiki




Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum?

- Yfirgnæfandi meirihluti svarenda (90,1%) sagði lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi að stemma stigu við afbrotum. Hlutfallið hefur lítið breyst milli kannanna.
- Árið 2007 fannst rúmlega 89% þátttakenda lögreglan skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi.
- Hlutfallslega fleiri konum (92%) finnst lögregla skila mjög eða frekar góðu starfi miðað við karla (88%).
- Marktækur munur er á viðhorfi til starfa lögreglu eftir kyni og aldri.
- Einstaklingar í yngstu og elstu aldurshópnum eru ánægðari með störf lögreglu en þeir sem eru á aldrinum 36 til 55 ára.
- Íbúar í Vesturbæ, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Hlíðum, Laugardal og í Háaleiti eru ánægðastir með störf lögreglu.
- Marktækur munur er á viðhorfum til starfa lögreglu eftir búsetu og menntun.



Hlutfall þeirra sem telja lögreglu vera að sinna mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).



Kyn *

Kyn	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
Karl	17%	71%	10%	3%
Kona	25%	67%	5%	3%

Aldur *

Aldur	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
18-25 ára	30%	61%	6%	4%
26-35 ára	18%	74%	7%	1%
36-45 ára	18%	69%	10%	2%
46-55 ára	16%	72%	7%	5%
56-65 ára	19%	74%	7%	1%
66-75 ára	33%	62%	3%	2%

Búseta *

Búseta	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
Miðborg, Gamli Vesturbær	22%	67%	4%	7%
Hlíðar	26%	70%	4%	1%
Vesturbær, Seltjarnarnes	21%	78%	2%	1%
Laugardalur, Háaleiti	27%	68%	4%	1%
Breiðholt	19%	71%	10%	1%
Árbær	8%	86%	6%	1%
Grafarvogur, Grafarholt	20%	67%	10%	3%
Kópavogur	22%	73%	4%	1%
Garðabær, Álftanes	24%	63%	10%	3%
Hafnarfjörður	18%	66%	11%	4%
Mosfellsbær, Kjalarnes	18%	53%	17%	12%

Löggæslusvæði *

Löggæslusvæði	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
Löggæslusvæði 1	26%	69%	4%	1%
Löggæslusvæði 2	20%	66%	10%	4%
Löggæslusvæði 3	21%	72%	7%	1%
Löggæslusvæði 4	17%	68%	10%	5%
Löggæslusvæði 5	22%	71%	3%	4%


Menntun *

Menntun	Mjög góðu starfi	Frekar góðu starfi	Frekar slæmu starfi	Mjög slæmu starfi
Grunnskólapróf	26%	63%	7%	4%
Nám á framhaldsskólastigi	20%	68%	9%	2%
Nám á háskólastigi	18%	75%	5%	2%



* Marktækur munur á milli hópa

2 Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?

- Sýnileiki lögreglu virðist hafa haldist nokkuð óbreyttur síðustu ár.
- Frá árinu 2009 hafa flestir sagst sjá lögreglu í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar.
- Frá 2009 hefur sú þróun átt sér stað að hlutfallslega fleiri segjast sjá lögreglu nær vikulega en færri segjast sjá lögreglu oft en einu sinni í viku. Þá hefur þeim á sama tíma fækkað sem segjast aldrei sjá lögreglu.
- Ekki er marktækur munur á því hversu oft karlar og konur segjast sjá lögreglumann eða bíl í sínu hverfi/byggðarlagi.
- Yngstu aldurshóparnir eru líklegri til að segjast sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu byggðarlagi en þeir sem eldri eru.
- Íbúar í Miðborg, Breiðholti, Hlíðum og Hafnarfirði eru líklegastir til að segjast sjá lögreglu vikulega eða oft en í sínu byggðarlagi.
- Íbúar Mosfellsbæjar og á Kjalarnesi eru ólíklegastir til að segjast sjá lögreglumann eða lögreglubíl vikulega eða oft en í sínu byggðarlagi.




Hlutfall þeirra sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl oft en einu sinni í viku í sínu hverfi/svæði, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).



* Marktækur munur á milli hópa

3 Ef þú hugsar um árið 2012 leitaðir þú eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu?

- Spurt var um samskipti við lögreglu árið 2012. Fram kemur að 44 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu sögðust hafa haft samband við lögregluna með einhverjum hætti.
- Ekki er marktækur munur eftir kyni.
- Fólk á aldrinum 18 til 35 ára eru líklegri en aðrir til að segjast hafa verið í samskiptum við lögreglu árið 2012.
- Hlutfallslega fæstir íbúar í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi voru í samskiptum við lögreglu árið 2012.
- Íbúar í Miðborg, Gamla Vesturbæ, Árbæ, Hlíðum og Hafnarfirði eru líklegastir til að segjast hafa verið í samskiptum við lögreglu árið 2012.
- Í heildina nýttu flestir sér samfélagsmiðla, en 20 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins voru í samskiptum við lögreglu í gegnum þá miðla.




Kyn	Fjöldi	Höfðu samband	Höfðu ekki samband
Karl	752	46%	54%
Kona	824	42%	58%
Aldur *			
18-25 ára	226	55%	45%
26-35 ára	320	58%	42%
36-45 ára	323	48%	52%
46-55 ára	328	37%	63%
56-65 ára	255	29%	71%
66-75 ára	124	25%	75%
Búseta *			
Miðborg, Gamli Vesturbær	109	53%	47%
Hlíðar	115	51%	49%
Vesturbær, Seltjarnarnes	82	37%	63%
Laugardalur, Háaleiti	183	46%	54%
Breiðholt	180	45%	55%
Árbær	81	53%	47%
Grafarvogur, Grafarholt	183	41%	59%
Kópavogur	256	36%	64%
Garðabær, Álftanes	87	38%	62%
Hafnarfjörður	214	51%	49%
Mosfellsbær, Kjalarnes	85	29%	71%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	298	48%	52%
Löggæslusvæði 2	301	47%	53%
Löggæslusvæði 3	436	40%	60%
Löggæslusvæði 4	350	41%	59%
Löggæslusvæði 5	191	46%	54%
Menntun			
Grunnskólapróf	326	48%	52%
Nám á framhaldsskólastigi	589	42%	58%
Nám á háskólastigi	620	43%	57%

* Marktækur munur á milli hópa

4 Með hvaða hætti leitaðir þú eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu árið 2012? (framhald)

- Þeir sem höfðu samskipti við lögreglu árið 2012 voru spurðir með hvaða hætti þeir höfðu samband. Hægt var að velja fleiri en eina samskiptaleið.
- Af þeim sem höfðu samskipti við lögreglu árið 2012 nýttu flestir sér samfélagsmiðla eða 47%.
- 41% hringdi í lögregluna.
- 37% hringdu í neyðarnúmer lögreglu.
- 22% fóru á heimasíðu lögreglunnar.
- 18% heimsóttu lögreglustöð.
- Ekki er munur eftir kyni, aldri, búsetu eða menntun á því með hvaða hætti almenningur leitaði eftir aðstoð, upplýsingum eða fræðslu hjá lögreglu.




	Fjöldi	Hringdi í Neyðar- línuna (112)	Hringdi í lögregluna	Fór á lögreglu- stöð	Fór á heimasíðu lögreglu	Nytti mér samfélags- miðla lögreglunnar	Annað
Kyn							
Karl	343	36,1%	40,5%	21,3%	26,2%	42,0%	2,4%
Kona	347	37,3%	41,0%	15,0%	17,0%	52,2%	3,7%
Aldur							
18-25 ára	124	42,9%	42,6%	21,6%	21,9%	56,8%	4,5%
26-35 ára	185	39,9%	30,6%	12,6%	24,2%	61,9%	2,1%
36-45 ára	156	35,2%	46,4%	19,7%	26,2%	52,7%	1,5%
46-55 ára	121	24,9%	48,7%	25,8%	18,9%	31,1%	3,3%
56-65 ára	74	40,9%	44,7%	10,9%	14,8%	22,5%	2,6%
66-75 ára	30	36,8%	25,6%	17,0%	7,7%	13,0%	10,7%
Búseta							
Miðborg, Gamli Vesturbær	58	46,6%	47,7%	19,1%	12,8%	35,3%	
Hlíðar	59	32,7%	37,3%	14,6%	21,4%	57,7%	3,7%
Vesturbær, Seltjarnarnes	30	23,8%	25,5%	13,5%	22,5%	53,0%	
Laugardalur, Háaleiti	84	15,2%	45,2%	8,6%	19,3%	56,6%	3,6%
Breiðholt	81	37,6%	44,8%	23,9%	29,0%	37,9%	6,9%
Árbær	43	42,1%	37,9%	20,3%	12,7%	36,3%	
Grafarvogur, Grafarholt	75	44,8%	45,5%	22,9%	25,6%	50,1%	
Kópavogur	93	41,0%	39,3%	22,4%	27,3%	45,5%	5,1%
Garðabær, Álftanes	33	49,0%	37,9%	11,0%	24,1%	43,7%	
Hafnarfjörður	110	37,0%	38,9%	17,8%	17,6%	50,5%	0,5%
Mosfellsbær, Kjalarnes	25	40,9%	31,3%	20,4%	20,4%	46,6%	19,5%
Löggæslusvæði							
Löggæslusvæði 1	143	22,4%	41,9%	11,0%	20,2%	57,0%	3,6%
Löggæslusvæði 2	142	39,7%	38,7%	16,3%	19,1%	49,0%	0,4%
Löggæslusvæði 3	174	39,4%	41,9%	23,1%	28,1%	41,9%	5,9%
Löggæslusvæði 4	143	43,3%	40,8%	21,7%	20,8%	45,4%	3,4%
Löggæslusvæði 5	88	38,8%	40,2%	17,2%	16,1%	41,3%	
Menntun							
Grunnskólapróf	157	45,3%	40,9%	21,3%	12,2%	38,3%	3,8%
Nám á framhaldsskólastigi	249	37,5%	45,8%	17,5%	24,0%	51,2%	1,6%
Nám á háskólastigi	265	30,2%	35,2%	17,5%	25,3%	49,0%	3,8%

Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð




5 Hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

- Tæplega 76% svarenda sögðu lögregluna vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi/byggðarlagi.
- Hlutfall þeirra sem telja lögregluna vera mjög aðgengilega hefur verið að lækka jafnt og þétt síðustu ár en hækkar aftur árið 2013 og er 21%.
- Hærra hlutfall kvenna heldur en karla finnst lögreglan aðgengileg.
- Einstaklingar á bilinu 18-25 ára eru líklegastir til að telja lögreglu mjög aðgengilega og þeir sem eru í elstu aldurshópunum frekar aðgengilega.
- Nokkur munur er á viðhorfum til aðgengileika eftir búsetu en hlutfall þeirra sem segja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega hækkar á öllum svæðum.
- Íbúar í Laugardal, Háaleiti og í Kópavogi eru þó líklegastir til að segja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega.
- Íbúar í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi eru líklegastir til að telja lögreglu óaðgengilega.
- Þessi skipting er svipuð og sú skipting sem kemur fram varðandi ánægju með störf lögreglu.



Hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi/svæði, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).



Kyn *

Karl

Kona

Aldur *

18-25 ára

26-35 ára

36-45 ára

46-55 ára

56-65 ára

66-75 ára

Búseta *

Miðborg, Gamli Vesturbær

Hlíðar

Vesturbær, Seltjarnarnes

Laugardalur, Háaleiti

Breiðholt

Árbær

Grafarvogur, Grafarholt

Kópavogur

Garðabær, Álftanes

Hafnarfjörður

Mosfellsbær, Kjalarnes

Löggæslusvæði *

Löggæslusvæði 1

Löggæslusvæði 2

Löggæslusvæði 3

Löggæslusvæði 4

Löggæslusvæði 5

Menntun

Grunnskólapróf

Nám á framhaldsskólastigi

Nám á háskólastigi

* Marktækur munur á milli hópa

Fjöldi

546

554

184

217

220

222

168

88

74

83

50

118

122

56

126

184

66

158

65

200

226

305

245

123

229

435

409

229

435

409

229


435

409

229


435

409



6 Að hvaða leyti finnst þér lögreglan vera óaðgengileg?

- 24% svarenda sögðu lögregluna vera mjög eða frekar óaðgengilega.
 - Þar af röktu flestir (44%) ástæðuna til þess að engin lögreglustöð væri í byggðarlaginu.
 - 21% sögðu lögreglustöðina ekki hafa verið opna þegar þeir þurftu á þjónustu að halda og fannst lögregla því óaðgengileg*.
 - Rúmlega 18% svarenda sögðu lögreglu óaðgengilega vegna þess að ekki hafi verið brugðist við þegar þeir þurftu á henni að halda og 14% sögðu að erindi þeirra hafi ekki verið svarað.
- Ekki er reiknuð marktækt eftir kyni, aldri, búsetu eða menntum þar sem svarendur máttu velja fleiri en einn svarmöguleika.




	Fjöldi	Engin lögreglustöð í byggðarlaginu	Lögreglustöðin ekki opin	Veitti ekki þegar ég þurfti á að halda	Erindi/fyrirspurn ekki svarað	Var vísað annað	Leitaði upplýsinga á netinu en fann ekki	Enginn á vakt	Aðrar ástæður
Kyn									
Karl	131	37,9%	22,2%	22,6%	17,1%	14,7%	13,0%	10,5%	3,7%
Kona	111	50,3%	18,8%	13,1%	10,7%	9,6%	11,4%	9,9%	9,0%
Aldur									
18-25 ára	44	43,7%	25,3%	4,4%	25,3%	17,2%	16,3%	9,1%	9,1%
26-35 ára	38	41,4%	6,3%	38,3%	20,0%	10,8%	17,0%	6,7%	6,3%
36-45 ára	56	45,6%	26,9%	15,2%	11,5%	20,8%	8,1%	9,7%	4,1%
46-55 ára	55	48,1%	18,5%	23,4%	3,9%	3,6%	15,5%	14,0%	6,1%
56-65 ára	36	37,4%	23,9%	8,1%	15,0%	8,7%	5,4%	10,0%	7,7%
66-75 ára	12	38,0%	20,1%	26,5%	11,6%	12,0%	7,6%	11,4%	
Búseta									
Miðborg, Gamli Vesturbær	15	18,2%		36,0%	26,3%	20,2%	14,9%	8,3%	
Hlíðar	13	35,6%		22,3%	31,5%	5,7%	22,9%		10,0%
Vesturbær, Seltjarnarnes	8	49,2%	25,9%	13,0%		24,6%	37,8%	13,0%	
Laugardalur, Háaleiti	15	6,3%	38,9%	38,5%	4,7%		8,3%		12,7%
Breiðholt	35	52,2%	6,0%	23,2%	1,3%	6,1%	10,4%	9,6%	4,7%
Árbær	14	47,5%		15,8%			16,5%		20,2%
Grafarvogur, Grafarholt	30	60,5%	17,5%	10,7%	7,4%	7,6%	8,8%	5,0%	4,1%
Kópavogur	24	8,1%	51,7%	24,4%	33,2%	27,8%	20,5%	4,1%	8,9%
Garðabær, Álftanes	19	65,8%	23,2%	14,7%	10,4%	23,4%	11,6%	19,8%	
Hafnarfjörður	33	23,7%	46,0%	15,2%	21,6%	22,3%	13,7%	26,7%	8,2%
Mosfellsbær, Kjalarnes	35	79,1%	6,7%	4,7%	15,8%	3,3%		11,3%	3,1%
Löggæslusvæði									
Löggæslusvæði 1	28	19,5%	21,3%	31,2%	16,8%	2,6%	14,9%		11,5%
Löggæslusvæði 2	52	38,8%	37,8%	15,0%	17,6%	22,7%	12,9%	24,2%	5,3%
Löggæslusvæði 3	59	34,1%	24,6%	23,7%	14,3%	15,0%	14,5%	7,3%	6,4%
Löggæslusvæði 4	79	66,5%	9,7%	8,9%	9,8%	4,4%	6,2%	6,9%	6,5%
Löggæslusvæði 5	23	28,6%	8,7%	28,2%	17,4%	21,7%	22,6%	9,9%	
Menntun									
Grunnskólapróf	51	35,3%	11,4%	22,0%	22,4%	4,8%	7,1%		5,4%
Nám á framhaldsskólastigi	103	46,6%	25,8%	17,2%	13,3%	14,5%	11,6%	13,9%	5,8%
Nám á háskólastigi	82	45,1%	20,0%	16,0%	9,7%	13,9%	15,9%	11,4%	7,5%

Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð


*Hafa ber í huga að þó lögreglustöðvarnar séu ekki opnar allan sólarhringinn þá er sólarhringsvakt á öllum lögreglustöðvum embættisins.

7 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana?

- Rúmlega 85% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu í samskiptum við lögreglu.
- Þetta er nokkur breyting frá árinu áður er rúmlega 67% svarenda sögðu slíkt hið sama.
- Almennt eru konur ánægðari með þjónustu lögreglu en karlar.
- Ekki er munur á viðhorfum til þjónustu lögreglu eftir aldri, búsetu eða menntun.
- Hlutfall þeirra sem eru ánægðir með þjónustu lögreglu hækkar í öllum hverfum borgarinnar.



Hlutfall þeirra sem sögðust vera ánægðir með þjónustu lögreglu, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).



Kyn *	Mjög/Frekar ánægð(ur)	Frekar/Óánægð(ur)
Karl	27%	55%
Kona	48%	41%
Aldur		
18-25 ára	45%	35%
26-35 ára	36%	51%
36-45 ára	40%	47%
46-55 ára	27%	60%
56-65 ára	31%	56%
66-75 ára	35%	45%
Búseta		
Miðborg, Gamli Vesturbær	21%	64%
Hlíðar	31%	51%
Vesturbær, Seltjarnarnes	46%	46%
Laugardalur, Háaleiti	47%	40%
Breiðholt	45%	45%
Árbær	36%	61%
Grafarvogur, Grafarholt	27%	57%
Kópavogur	37%	42%
Garðabær, Álftanes	21%	63%
Hafnarfjörður	41%	44%
Mosfellsbær, Kjalarnes	43%	29%
Löggæslusvæði		
Löggæslusvæði 1	41%	45%
Löggæslusvæði 2	37%	47%
Löggæslusvæði 3	41%	43%
Löggæslusvæði 4	33%	54%
Löggæslusvæði 5	27%	60%
Menntun		
Grunnskólaþróf	41%	47%
Nám á framhaldsskólastigi	34%	50%
Nám á háskólastigi	35%	50%


* Marktækur munur á milli hópa

Ótti við afbrot og öryggistilfinning




8 Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein(n) í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

- 59% svarenda töldu sig vera mjög eða frekar óörugga eina á gangi í miðborg Reykjavíkur eftir að myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar.
- Þessar niðurstöður eru svipaðar og niðurstöður fyrri ára.
- Einungis um 6% svarenda töldu sig mjög örugga eina að gangi í miðborg Reykjavíkur að þessu sinni.
- Sem fyrr eru karlar mun líklegri en konur til að segjast mjög eða frekar öruggir einir á gangi eftir miðnætti um helgar í miðborg Reykjavíkur.
- Þeir sem eru á aldrinum 18 til 35 ára eru mun líklegri en aðrir til að finna til öryggis við þessar aðstæður.
- Hærra hlutfall þeirra svarenda sem búa í Miðborg og nágrenni upplifa sig örugga einir á gangi eftir miðnætti í miðborg Reykjavíkur í samanburði við íbúa annarra svæða.
- Hlutfall þeirra sem eru óöruggir eykst eftir því sem menn búa lengra frá miðborginni.



Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar öruggir einir á gangi í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).



■ Mjög örugg(ur) ■ Frekar örugg(ur)
■ Frekar óörugg(ur) ■ Mjög óörugg(ur)

Kyn *

Karl

Kona

Aldur *

18-25 ára

26-35 ára

36-45 ára

46-55 ára

56-65 ára

66-75 ára

Búseta *

Miðborg, Gamli Vesturbær

Hlíðar

Vesturbær, Seltjarnarnes

Laugardalur, Háaleiti

Breiðholt

Árbær

Grafarvogur, Grafarholt

Kópavogur

Garðabær, Álftanes

Hafnarfjörður

Mosfellsbær, Kjalarnes

Löggæslusvæði *

Löggæslusvæði 1

Löggæslusvæði 2

Löggæslusvæði 3

Löggæslusvæði 4

Löggæslusvæði 5

Menntun *

Grunnskólapróf

Nám á framhaldsskólastigi

Nám á háskólastigi

* Marktækur munur á milli hópa

Fjöldi

679

687

219

297

303

280

185

82

105

106

75

164

153

72

160

223

70

176

61

270

246

375


294

181

270


509

556




9 Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein(n) í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á?

- Yfirgnæfandi meirihluti (88%) taldi sig vera öruggan (mjög eða frekar) í sínu hverfi einan á gangi að næturlagi. Hlutfallið hefur lækkað lítillega frá fyrstu könnuninni árið 2007.
- Karlar eru líklegri til að finna fyrir öryggi einir á gangi í sínu hverfi í samanburði við konur, einungis 7% þeirra sögðust finna fyrir óöryggi á mótí 17% kvenna.
- Almennt finna yngri svarendur fyrir meira öryggi einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi en hinir eldri.
- Íbúar Breiðholts eru óöruggari í samanburði við íbúa annarra svæða, en íbúar Miðborgar koma þar á eftir.
- Íbúar Garðabæjar og Álftaness finna fyrir mestu öryggi í sínu hverfi.



Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar öruggir einir á gangi í sínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).




Kyn *	Fjöldi	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
Karl	757	52%	42%	6%	1%
Kona	817	24%	59%	13%	4%
Aldur *					
18-25 ára	230	48%	42%	7%	2%
26-35 ára	318	44%	50%	5%	1%
36-45 ára	323	35%	53%	10%	2%
46-55 ára	332	31%	57%	10%	3%
56-65 ára	254	33%	50%	13%	4%
66-75 ára	119	36%	48%	14%	2%
Búseta *					
Miðborg, Gamli Vesturbær	109	22%	59%	17%	2%
Hlíðar	114	36%	51%	10%	4%
Vesturbær, Seltjarnarnes	82	55%	39%	5%	1%
Laugardalur, Háaleiti	182	40%	50%	10%	1%
Breiðholt	178	25%	52%	15%	8%
Árbær	82	46%	45%	9%	
Grafarvogur, Grafarholt	184	37%	49%	12%	2%
Kópavogur	257	39%	53%	5%	3%
Garðabær, Álftanes	85	47%	48%	5%	
Hafnarfjörður	218	34%	56%	9%	2%
Mosfellsbær, Kjalarnes	81	52%	42%	5%	1%
Löggæslusvæði *					
Löggæslusvæði 1	295	38%	51%	9%	2%
Löggæslusvæði 2	304	38%	53%	8%	1%
Löggæslusvæði 3	436	33%	53%	10%	5%
Löggæslusvæði 4	347	43%	47%	10%	1%
Löggæslusvæði 5	192	36%	50%	12%	2%
Menntun *					
Grunnskólapróf	327	34%	52%	10%	4%
Nám á framhaldsskólastigi	592	40%	48%	9%	3%
Nám á háskólastigi	616	38%	53%	8%	1%

* Marktækur munur á milli hópa

10 Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi?

- Sú breyting varð árið 2013 að hlutfallslega flestir töldu eignaspjöll - skemmdarverk (21%) vera mesta vandamálið í sínu hverfi en fyrri ár hafa flestir nefnt innbrot í þessu sambandi.
- Rúmlega 20% svarenda nefndu umferðarlagabrot sem mesta vandamálið og tæplega 19% innbrot.
- Munur er á viðhorfum kynjanna til þess hvaða afbrot er álitnið mesta vandamálið. Hærra hlutfall karla telur umferðarlagabrot vera mesta vandamálið, en hærra hlutfall kvenna álitur innbrot mesta vandamálið.
- Einnig er munur eftir aldri. Þannig eru þeir sem eldri eru líklegri til að segja ekkert afbrot vera vandamál í þeirra hverfi en þeir sem yngri eru.
- Yngsti aldurshópurinn nefnir hinsvegar helst eignaspjöll en einstaklingar á aldrinum 26 til 45 ára nefna flestir umferðarlagabrot.
- Munur er á viðhorfi til þess hvaða afbrot er talið mesta vandamálið í hverfinu/byggðarlaginu eftir búsetu og menntun.



Hlutfall þeirra sem töldu innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi/svæði, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).




	Fjöldi	Eigna- spjöll	Umferðar- lagabrot	Innbrot	Fíkniefna- brot	Þjófnaður	Ofbeldi- líkams- árásir	Annað	Ekkert brot er vandamál
Kyn *									
Karl	606	21,3%	22,1%	16,3%	7,8%	5,6%	3,1%	6,1%	17,7%
Kona	642	21,0%	18,4%	20,9%	9,2%	6,9%	5,1%	2,8%	15,7%
Aldur *									
18-25 ára	199	25,1%	18,6%	12,6%	14,6%	2,0%	7,0%	5,5%	14,6%
26-35 ára	257	19,1%	26,1%	15,6%	7,0%	7,0%	4,3%	5,1%	16,0%
36-45 ára	265	17,4%	27,5%	17,7%	6,4%	8,3%	3,8%	4,9%	14,0%
46-55 ára	258	22,9%	16,7%	22,9%	10,9%	6,6%	3,1%	3,9%	13,2%
56-65 ára	171	25,7%	9,4%	25,7%	5,3%	5,3%	4,7%	2,3%	21,6%
66-75 ára	97	14,4%	14,4%	19,6%	6,2%	7,2%	1,0%	5,2%	32,0%
Búseta *									
Miðborg, Gamli Vesturbær	95	34,7%	8,4%	6,3%	5,3%	11,6%	16,8%	11,6%	5,3%
Hlíðar	86	20,9%	24,4%	10,5%	8,1%	11,6%	1,2%	10,5%	12,8%
Vesturbær, Seltjarnarnes	67	14,9%	28,4%	19,4%	1,5%	6,0%	3,0%	10,4%	16,4%
Laugardalur, Háaleiti	145	24,1%	23,4%	14,5%	6,9%	6,2%	2,1%	2,8%	20,0%
Breiðholt	142	43,7%	6,3%	15,5%	12,0%	4,9%	8,5%	0,7%	8,5%
Árbær	64	15,6%	23,4%	35,9%	17,2%	1,6%	1,6%	1,6%	3,1%
Grafarvogur, Grafarholt	135	20,7%	14,8%	26,7%	11,9%	9,6%	2,2%	2,2%	11,9%
Kópavogur	204	17,2%	27,0%	18,6%	5,9%	2,9%	1,5%	2,0%	25,0%
Garðabær, Álftanes	70	8,6%	18,6%	41,4%	4,3%	2,9%	4,3%	2,9%	17,1%
Hafnarfjörður	174	14,4%	24,1%	12,1%	10,3%	5,2%	4,6%	5,7%	23,6%
Mosfellsbær, Kjalarnes	63		23,8%	25,4%	11,1%	7,9%	3,2%	1,6%	27,0%
Löggæslusvæði *									
Löggæslusvæði 1	231	22,9%	24,2%	13,0%	7,4%	8,2%	1,3%	5,6%	17,3%
Löggæslusvæði 2	248	12,5%	22,2%	20,2%	8,9%	4,8%	4,4%	5,2%	21,8%
Löggæslusvæði 3	346	28,3%	18,2%	17,3%	8,1%	4,0%	4,3%	1,4%	18,2%
Löggæslusvæði 4	263	14,8%	19,4%	28,1%	12,5%	7,6%	1,9%	1,9%	13,7%
Löggæslusvæði 5	160	26,9%	16,3%	11,9%	3,8%	8,8%	11,3%	11,3%	10,0%
Menntun *									
Grunnskólapróf	261	29,5%	17,2%	13,0%	11,1%	4,6%	4,2%	1,1%	19,2%
Nám á framhaldsskólastigi	460	18,5%	22,6%	18,7%	8,5%	6,3%	4,3%	4,8%	16,3%
Nám á háskólastigi	495	19,8%	18,8%	21,8%	7,5%	7,1%	4,2%	5,1%	15,8%


* Marktækur munur á milli hópa

11 Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2012 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?

- Enn fjölgar þeim sem sögðust einu sinni eða oftar hafa upplifað aðstæður þannig að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.
- Hlutfallið var 14% árið 2007 en var 62% árið 2013.
- Ekki er ljóst hvernig skýra má þennan aukna ótta á sama tíma og afbrotum fækkar.
- Hærra hlutfall karla en kvenna mat aðstæður þannig árið 2012 að líklegt væri að þeir yrðu fyrir afbroti.
- Yngri svarendur eru líklegri en þeir sem eldir eru til að hafa metið aðstæður þannig að líklegt væri að þeir yrðu fyrir afbroti.
- Ekki er marktækur munur eftir búsetu og menntun.



Hlutfall þeirra sem sögðu það einhvern tímann hafa verið líklegt á undanfögnu ári að þeir yrðu fyrir afbroti hér á landi, greint eftir árum og lögreglustöð (sjá svæðaskiptingu á baksíðu).




Kyn *	Fjöldi	Aldrei	Mjög sjaldan	Frekar sjaldan	Frekar oft	Mjög oft
Karl	746	39,1%	35,8%	18,4%	4,6%	2,1%
Kona	806	37,3%	37,0%	21,3%	4,1%	0,2%
Aldur *						
18-25 ára	229	26,6%	49,8%	16,6%	6,6%	0,4%
26-35 ára	305	24,9%	43,0%	26,6%	3,6%	2,0%
36-45 ára	315	35,9%	36,8%	22,9%	4,1%	0,3%
46-55 ára	325	39,4%	36,6%	17,8%	4,6%	1,5%
56-65 ára	251	57,4%	20,7%	16,7%	3,6%	1,6%
66-75 ára	126	55,6%	25,4%	15,1%	3,2%	0,8%
Búseta						
Miðborg, Gamli Vesturbær	107	31,8%	37,4%	26,2%	3,7%	0,9%
Hlíðar	113	36,3%	38,1%	20,4%	2,7%	2,7%
Vesturbær, Seltjarnarnes	82	45,1%	35,4%	12,2%	4,9%	2,4%
Laugardalur, Háaleiti	176	38,6%	38,6%	19,9%	1,1%	1,7%
Breiðholt	177	32,8%	43,5%	15,3%	7,9%	0,6%
Árbær	80	33,8%	37,5%	23,8%	5,0%	
Grafarvogur, Grafarholt	178	43,8%	33,7%	16,9%	5,1%	0,6%
Kópavogur	253	43,1%	34,8%	18,2%	3,6%	0,4%
Garðabær, Álftanes	85	36,5%	36,5%	22,4%	4,7%	
Hafnarfjörður	216	37,0%	37,0%	19,9%	4,6%	1,4%
Mosfellsbær, Kjalarnes	85	35,3%	22,4%	35,3%	4,7%	2,4%
Löggæslusvæði						
Löggæslusvæði 1	291	37,8%	38,1%	19,9%	1,7%	2,4%
Löggæslusvæði 2	300	36,7%	37,0%	20,7%	4,7%	1,0%
Löggæslusvæði 3	429	38,9%	38,5%	17,0%	5,1%	0,5%
Löggæslusvæði 4	343	39,7%	31,8%	23,0%	5,0%	0,6%
Löggæslusvæði 5	190	37,4%	36,3%	20,0%	4,2%	2,1%
Menntun						
Grunnskólapróf	319	37,6%	38,2%	17,2%	6,6%	0,3%
Nám á framhaldsskólastigi	588	40,3%	36,2%	17,9%	4,4%	1,2%
Nám á háskólastigi	611	36,7%	36,2%	22,7%	2,9%	1,5%

* Marktækur munur á milli hópa

12 Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?

- Þegar skoðað er hvaða broti svarendur óttuðust mest að verða fyrir þá voru innbrot oftast nefnd líkt og fyrri ár.
- Þó má sjá aukna dreifingu í svörum.
- Þannig hefur þeim fjölgað sem nefndu þjófnaði sem það brot sem þeir óttuðust mest að verða fyrir.
- Einnig nefndu rúmlega 8% efnahagsbrot en þau hafa ekki áður verið nefnd í þessari könnun.
- Karlar nefna frekar ofbeldisbrot en konur, en konur nefna frekar innbrot en karlar.
- Yngri hóparnir nefna frekar ofbeldisbrot en eldri hóparnir nefna frekar innbrot.




	Fjöldi	Innbroti	Ofbeldi-líkamsárás	Þjófnaði	Eigna-spjöllum	Efnahagsbroti	Annað
Kyn *							
Karl	415	37,6%	20,2%	15,7%	10,8%	11,3%	4,3%
Kona	451	43,5%	14,2%	10,2%	10,6%	5,8%	15,7%
Aldur *							
18-25 ára	150	17,3%	31,3%	14,0%	9,3%	4,0%	24,0%
26-35 ára	202	38,1%	14,4%	18,3%	5,9%	10,4%	12,9%
36-45 ára	186	47,3%	15,1%	16,1%	10,2%	7,5%	3,8%
46-55 ára	186	44,1%	16,7%	8,1%	16,1%	11,3%	3,8%
56-65 ára	97	50,5%	8,2%	6,2%	13,4%	10,3%	11,3%
66-75 ára	52	59,6%	11,5%	5,8%	13,5%	3,8%	5,8%
Búseta *							
Miðborg, Gamli Vesturbær	66	21,2%	24,2%	9,1%	15,2%	12,1%	18,2%
Hlíðar	69	29,0%	14,5%	11,6%	13,0%	7,2%	24,6%
Vesturbær, Seltjarnarnes	44	31,8%	20,5%	20,5%	9,1%	4,5%	13,6%
Laugardalur, Háaleiti	93	34,4%	23,7%	9,7%	5,4%	15,1%	11,8%
Breiðholt	106	24,5%	25,5%	16,0%	16,0%	6,6%	11,3%
Árbær	50	50,0%	12,0%	20,0%	14,0%	2,0%	2,0%
Grafarvogur, Grafarholt	94	50,0%	11,7%	12,8%	10,6%	7,4%	7,4%
Kópavogur	129	52,7%	11,6%	14,0%	10,9%	5,4%	5,4%
Garðabær, Álftanes	48	54,2%	10,4%	16,7%	6,3%	6,3%	6,3%
Hafnarfjörður	126	46,8%	18,3%	6,3%	7,1%	13,5%	7,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes	45	48,9%	11,1%	11,1%	11,1%	8,9%	8,9%
Löggæslusvæði *							
Löggæslusvæði 1	161	32,3%	19,3%	10,6%	9,3%	11,8%	16,8%
Löggæslusvæði 2	175	48,6%	16,0%	9,1%	6,9%	11,4%	8,0%
Löggæslusvæði 3	232	40,1%	18,1%	15,5%	12,9%	5,6%	7,8%
Löggæslusvæði 4	189	49,7%	11,6%	14,3%	11,6%	5,8%	6,9%
Löggæslusvæði 5	110	25,5%	22,7%	13,6%	12,7%	9,1%	16,4%
Menntun *							
Grunnskólapróf	178	33,1%	25,8%	9,6%	14,0%	8,4%	9,0%
Nám á framhaldsskólastigi	315	37,5%	19,4%	13,3%	10,2%	7,6%	12,1%
Nám á háskólastigi	360	47,5%	10,0%	13,9%	9,2%	9,4%	10,0%

* Marktækur munur á milli hópa



13 Hversu miklar eða litlar voru áhyggjur þínar af því að verða fyrir afbroti árið 2012?

- Eins og áður segir sögðu 62% svarenda að einhvern tímann á árinu 2012 hefðu þeir upplifað aðstæður þannig að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.
- Þegar spurt er hversu miklar þær áhyggjur voru kemur í ljós að 63% sögðu þessar áhyggjur hafa verið mjög eða frekar litlar.
- Konur voru ívið líklegri en karlar til að segjast hafa haft mjög eða frekar miklar áhyggjur og einstaklingar á aldrinum 46 til 65 ára voru ívið líklegri en yngstu og elstu aldurshóparnir til að segjast hafa haft mjög eða frekar miklar áhyggjur.
- Íbúar á svæði lögreglustöðvar 4 voru líklegri en íbúar annarra svæða til að segjast hafa haft mjög eða frekar miklar áhyggjur af því að verða fyrir afbroti árið 2012.




	Fjöldi	Mjög litlar áhyggjur	Frekar litlar áhyggjur	Hvorki litlar né miklar áhyggjur	Frekar miklar áhyggjur	Mjög miklar áhyggjur
Kyn *						
Karl	445	35,5%	28,8%	22,9%	8,3%	4,5%
Kona	479	25,3%	36,3%	24,2%	12,5%	1,7%
Aldur *						
18-25 ára	161	44,7%	23,6%	23,0%	5,6%	3,1%
26-35 ára	221	33,5%	38,9%	18,6%	6,8%	2,3%
36-45 ára	198	22,7%	37,9%	27,3%	11,1%	1,0%
46-55 ára	189	30,2%	25,9%	23,8%	16,4%	3,7%
56-65 ára	97	18,6%	32,0%	28,9%	13,4%	7,2%
66-75 ára	57	22,8%	40,4%	22,8%	10,5%	3,5%
Búseta *						
Miðborg, Gamli Vesturbær	68	36,8%	35,3%	17,6%	4,4%	5,9%
Hlíðar	70	27,1%	42,9%	14,3%	11,4%	4,3%
Vesturbær, Seltjarnarnes	45	35,6%	26,7%	20,0%	15,6%	2,2%
Laugardalur, Háaleiti	107	37,4%	36,4%	15,0%	9,3%	1,9%
Breiðholt	109	33,9%	27,5%	22,9%	11,0%	4,6%
Árbær	50	42,0%	30,0%	12,0%	16,0%	
Grafarvogur, Grafarholt	98	22,4%	30,6%	28,6%	18,4%	
Kópavogur	140	27,9%	36,4%	25,7%	8,6%	1,4%
Garðabær, Álftanes	51	27,5%	27,5%	29,4%	9,8%	5,9%
Hafnarfjörður	133	27,1%	33,1%	28,6%	6,8%	4,5%
Mosfellsbær, Kjalarnes	55	20,0%	23,6%	41,8%	9,1%	5,5%
Löggæslusvæði *						
Löggæslusvæði 1	177	33,3%	39,0%	14,7%	10,2%	2,8%
Löggæslusvæði 2	184	27,2%	31,5%	28,8%	7,6%	4,9%
Löggæslusvæði 3	250	30,4%	32,4%	24,4%	9,6%	3,2%
Löggæslusvæði 4	203	26,6%	28,6%	28,1%	15,3%	1,5%
Löggæslusvæði 5	113	36,3%	31,9%	18,6%	8,8%	4,4%
Menntun *						
Grunnskólapróf	187	32,6%	25,7%	32,1%	7,0%	2,7%
Nám á framhaldsskólastigi	342	31,0%	31,3%	21,9%	12,3%	3,5%
Nám á háskólastigi	380	29,2%	36,8%	20,8%	10,3%	2,9%

* Marktækur munur á milli hópa




14 Hversu mikil eða lítil áhrif hafa áhyggjur af afbrotum á daglegt líf þitt?

- Áhugavert er að skoða hversu mikil áhrif ótti við afbrot hefur á daglegt líf svarenda.
- Þegar reynsla allra þátttakenda er skoðuð kemur í ljós að um 3% segja ótta við afbrot hafa mjög eða frekar mikil áhrif á daglegt líf sitt.
- Af þeim sem óttuðust að verða fyrir afbroti sögðu flestir óttann hafa mjög eða frekar lítil áhrif á daglegt líf sitt eða 73% og rúmlega 22% sögðu óttann engin áhrif hafa á daglegt líf sitt.
- Af þeim sem óttuðust afbrot voru karlar ívið líklegri en konur til að segja óttann hafa mjög eða frekar mikil áhrif á líf sitt.
- Af þeim sem óttuðust afbrot voru eldri aldurshóparnir ívið líklegri en þeir sem yngri eru til að segja óttann hafa mjög eða frekar mikil áhrif á daglegt líf sitt.



Hlutfallsleg skipting á því hversu mikil áhrif áhyggjur af afbrotum hafa á daglegt líf fólks ásamt hlutfalli þeirra sem sögðust aldrei hafa upplifað aðstæður þannig árið 2012 að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.



Hlutfallsleg skipting á því hversu mikil áhrif áhyggjur af afbrotum hafa á daglegt líf fólks — einungis þeir svarendur sem sögðust hafa upplifað aðstæður þannig árið 2012 að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.


	Fjöldi	Engin áhrif	Mjög lítil áhrif	Frekar lítil áhrif	Frekar mikil áhrif	Mjög mikil áhrif
Kyn						
Karl	453	24,1%	45,3%	24,5%	5,1%	1,1%
Kona	492	20,7%	46,1%	29,3%	2,6%	1,2%
Aldur *						
18-25 ára	165	29,1%	37,6%	29,7%	1,8%	1,8%
26-35 ára	228	30,3%	50,4%	15,8%	2,2%	1,3%
36-45 ára	199	17,6%	48,7%	27,6%	5,5%	0,5%
46-55 ára	195	17,4%	41,5%	33,8%	6,2%	1,0%
56-65 ára	104	17,3%	47,1%	30,8%	3,8%	1,0%
66-75 ára	55	12,7%	50,9%	29,1%	5,5%	1,8%
Búseta *						
Miðborg, Gamli Vesturbær	73	24,7%	46,6%	26,0%	2,7%	
Hlíðar	71	23,9%	54,9%	15,5%	2,8%	2,8%
Vesturbær, Seltjarnarnes	44	36,4%	40,9%	18,2%	4,5%	
Laugardalur, Háaleiti	109	29,4%	45,0%	23,9%	1,8%	
Breiðholt	115	17,4%	40,9%	38,3%		3,5%
Árbær	54	29,6%	46,3%	16,7%	5,6%	1,9%
Grafarvogur, Grafarholt	98	23,5%	38,8%	34,7%	3,1%	
Kópavogur	143	18,2%	51,7%	25,2%	3,5%	1,4%
Garðabær, Álftanes	54	16,7%	57,4%	20,4%	5,6%	
Hafnarfjörður	133	21,1%	43,6%	25,6%	9,0%	0,8%
Mosfellsbær, Kjalarnes	53	13,2%	37,7%	41,5%	3,8%	3,8%
Löggæslusvæði *						
Löggæslusvæði 1	181	27,1%	48,6%	21,0%	2,2%	1,1%
Löggæslusvæði 2	188	19,7%	47,3%	24,5%	8,0%	0,5%
Löggæslusvæði 3	258	17,8%	46,9%	31,4%	1,9%	1,9%
Löggæslusvæði 4	203	22,2%	40,9%	31,5%	3,9%	1,5%
Löggæslusvæði 5	116	29,3%	44,8%	22,4%	3,4%	
Menntun *						
Grunnskólapróf	195	20,0%	43,6%	33,8%	1,0%	1,5%
Nám á framhaldsskólastigi	347	24,8%	42,7%	25,6%	5,8%	1,2%
Nám á háskólastigi	386	21,8%	50,3%	23,8%	3,4%	0,8%

* Marktækur munur á milli hópa



15 Greipst þú til einhverra eftirtalinna aðgerða árið 2012 til að verja heimili þitt eða dvalarstað fyrir afbrotum?

- 43% þátttakenda gripu til einhvers konar aðgerða til að verja heimili sitt eða dvalarstað fyrir afbrotum, en þar af höfðu 18,5% þegar verið búnir að grípa til aðgerða áður en kom að árinu 2012.
- Meira en helmingur svarenda sagðist ekki hafa gripið til neinna aðgerða árið 2012.
- Tæplega 17% þátttakenda tóku þátt í óformlegri nágrannavörslu (t.d. vinalegu samkomulag um að vakta hús hvors annars).
- Rúmlega 4% tóku þátt í formlegri nágrannavörslu
- Tæplega 7% settu upp þjófavörn eða öryggiskerfi
- 4% settu upp sérstaka hurðarlása.
- Ekki er munur eftir kyni, aldri, búsetu eða menntun til hvers konar aðgerða svarendur gripu.



	Fjöldi	Var þegar búin/n að grípa til aðgerða	Tók þátt í vinalegu skipulagi milli nágranna	Setti upp þjófavörn eða öryggiskerfi	Tók þátt í formlegri nágrannavörslu	Setti upp sérstaka hurðarlása	Annað	Greip ekki til neinna aðgerða árið 2012
Kyn								
Karl	727	18,1%	13,4%	8,8%	2,8%	3,1%	6,3%	57,9%
Kona	795	18,9%	19,4%	4,4%	5,6%	4,8%	6,4%	56,7%
Aldur								
18-25 ára	221	14,0%	9,4%	1,6%	0,7%	4,4%	5,7%	69,5%
26-35 ára	302	13,6%	12,5%	6,0%	2,0%	3,6%	4,6%	68,9%
36-45 ára	303	20,1%	18,7%	8,8%	5,2%	6,0%	6,6%	51,3%
46-55 ára	321	18,8%	21,2%	4,4%	5,0%	4,2%	8,2%	53,0%
56-65 ára	252	25,9%	19,6%	5,8%	7,3%	2,3%	7,4%	48,7%
66-75 ára	124	19,0%	15,4%	17,9%	5,1%	1,8%	3,9%	50,1%
Búseta								
Miðborg, Gamli Vesturbær	106	13,4%	20,9%	4,4%	5,0%	7,3%	3,0%	58,1%
Hlíðar	112	10,5%	12,6%	4,8%		2,8%	4,0%	68,5%
Vesturbær, Seltjarnarnes	79	11,6%	12,2%	0,9%	2,1%	5,9%	7,2%	65,7%
Laugardalur, Háaleiti	180	18,0%	13,5%	5,3%	3,0%	3,6%	8,1%	63,1%
Breiðholt	171	15,0%	11,7%	3,6%	4,1%	8,6%	9,5%	59,4%
Árbær	79	34,1%	23,0%	8,3%	3,4%	2,5%	3,7%	39,7%
Grafarvogur, Grafarholt	180	14,0%	18,5%	3,9%	4,3%	2,1%	2,9%	62,1%
Kópavogur	238	19,9%	15,9%	10,6%	3,1%	4,8%	6,7%	53,7%
Garðabær, Álftanes	87	19,1%	23,9%	13,6%	20,2%	1,7%	5,3%	43,7%
Hafnarfjörður	210	20,7%	17,9%	9,4%	3,7%	1,7%	6,4%	56,6%
Mosfellsbær, Kjalarnes	81	36,5%	17,4%	3,3%	2,7%	1,5%	12,1%	47,4%
Löggæslusvæði								
Löggæslusvæði 1	293	15,1%	13,1%	5,1%	1,9%	3,3%	6,5%	65,2%
Löggæslusvæði 2	297	20,2%	19,7%	10,6%	8,5%	1,7%	6,1%	52,8%
Löggæslusvæði 3	408	17,9%	14,1%	7,7%	3,5%	6,4%	7,9%	56,1%
Löggæslusvæði 4	339	24,0%	19,3%	4,8%	3,7%	2,1%	5,3%	53,4%
Löggæslusvæði 5	185	12,6%	17,2%	2,9%	3,8%	6,7%	4,8%	61,3%
Menntun								
Grunnskólapróf	312	19,4%	12,8%	5,4%	5,9%	3,9%	7,9%	60,4%
Nám á framhaldsskólastigi	575	18,7%	16,9%	6,9%	3,7%	4,3%	5,5%	56,3%
Nám á háskólastigi	609	18,1%	18,6%	6,6%	3,9%	3,6%	6,3%	56,2%


Þar sem nefna mátti fleiri en einn svarmöguleika er marktækt ekki reiknuð

Reynsla af afbrotum og tilkynnt brot



16 Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2012? Innbroti eða þjófnaði/ ofbeldisbroti/eignaskemmdum/ kynferðisbroti?

- Samanlagt sögðust um 35% svarenda hafa orðið fyrir einu eða fleirum af ofantöldum afbrotum á árinu 2012 en í síðustu könnun var hlutfallið 25%*.
- Rúmlega 23% sögðust hafa orðið fyrir eignaskemmdum.
- Ríflega 14% sögðust hafa orðið fyrir þjófnaði.
- Rúmlega 7% sögðust hafa orðið fyrir innbroti.
- Ef tekin eru saman svör þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir þjófnaði og þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir innbroti, þá er samantlagt hlutfall þeirra svarenda 17%.
- 2,7% sögðust hafa orðið fyrir ofbeldisbroti.
- Eitt prósent sagðist hafa orðið fyrir kynferðisbroti á árinu 2012**.
- Hærra hlutfall íbúa í Miðborg og Gamla Vesturbæ en annarra svæða höfðu orðið fyrir brotum af öllum þeim tegundum sem spurt var um.



	Eigna- skemmdum	Þjófnaði	Innbroti	Ofbeldis- broti	Kynferðis- broti
Kyn					
Karlar	24,2%	16,7%	6,9%	4,4%	1,1%
Konur	22,8%	12,3%	7,5%	1,1%	1,2%
Aldur					
18-25 ára	20,7%	25,1%	10,9%	8,5%	1,8%
26-35 ára	22,7%	15,8%	6,5%	3,2%	1,9%
36-45 ára	26,3%	15,3%	8,9%	1,3%	1,3%
46-55 ára	25,9%	14,9%	6,8%	2,4%	0,9%
56-65 ára	21,0%	5,9%	5,9%	0,4%	
66-76 ára	21,6%	5,5%	2,4%	0,8%	
Búseta					
Miðborg, Gamli Vesturbær	47,2%	23,8%	13,1%	6,5%	3,7%
Hlíðar	28,5%	20,2%	8,3%	1,8%	
Vesturbær, Seltjarnarnes	22,4%	20,7%	6,2%		1,2%
Laugardalur, Háaleiti	21,8%	10,4%	8,8%	2,2%	
Breiðholt	31,6%	16,9%	9,2%	4,0%	1,1%
Árbær	14,3%	19,5%	3,7%	4,8%	
Grafarvogur, Grafarholt	16,2%	16,4%	8,0%	3,3%	2,7%
Kópavogur	24,7%	10,5%	5,5%	2,3%	
Garðabær, Álftanes	10,8%	11,8%	3,6%		1,1%
Hafnarfjörður	20,8%	10,7%	7,9%	2,8%	1,9%
Mosfellsbær, Kjalarnes	14,2%	7,1%	1,2%	1,2%	1,2%
Löggæslusvæði					
Löggæslusvæði 1	24,4%	14,1%	8,6%	2,0%	
Löggæslusvæði 2	17,9%	11,0%	6,7%	2,0%	1,3%
Löggæslusvæði 3	27,5%	13,1%	7,0%	3,0%	0,5%
Löggæslusvæði 4	15,3%	14,8%	5,3%	3,1%	1,7%
Löggæslusvæði 5	36,4%	22,6%	10,1%	3,7%	2,7%
Menntun					
Grunnskólapróf	23,1%	14,8%	10,2%	3,3%	1,5%
Nám á framhaldsskólastigi	23,7%	13,5%	6,2%	3,2%	1,5%
Nám á háskólastigi	23,5%	14,8%	6,4%	1,6%	0,6%

Marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með bláu lettri


Ekki er marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með rauðu lettri

*Hafa ber í huga að í könnuninni 2013 var spurt annars vegar út í þjófnaði og hins vegar innbrot, en í fyrri könnunum var spurt um innbrot og þjófnaði í sömu spurningu. Í könnuninni 2013 var jafnframt spurt um nokkrar tegundir eignaskemmda, en áður var spurt almennt hvort fólk hafði orðið fyrir eignaskemmdum.


**Eftir að tekin var upp sú aðferð að leggja fyrir fólk netkönnun fór að fjölga þeim sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti, en slík svör komu sjaldan fram þegar könnunin var lögð fyrir í gegnum síma. Í könnuninni nú sögðust 18 svarendur hafa orðið fyrir kynferðisbroti árið 2012.

17 Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldum brotum árið 2012? Innbroti eða þjófnaði/ ofbeldisbroti/eignaskemmdum/ kynferðisbroti? Greint eftir löggæslusvæðum


- Hlutfallslega flestir þeirra sem urðu fyrir þjófnaði árið 2012 voru búsettir á svæði lögreglustöðvar 5 (Miðborg, Vesturbær, Seltjarnarnes).
- Hið sama á við hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti, eignaskemmdum og ofbeldisbroti.




Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum 2009 til 2012, greint eftir árum og lögreglustöð.



Hlutfall þeirra sem urðu fyrir þjófnaði 2012, greint eftir lögreglustöð




Hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti 2012, greint eftir lögreglustöð.



Hlutfall þeirra sem urðu fyrir ofbeldisbroti 2009 til 2012, greint eftir árum og lögreglustöð.

Tilkynntir þú brotið til lögreglu?

- Af þeim sem urðu fyrir afbroti sögðust alls 28% hafa tilkynnt það til lögreglu sem er lægra hlutfall en í síðustu könnun (41%)*.
- Í könnunum fyrri ára hafa um 63% svarenda sagst hafa tilkynnt það ofbeldisbrot sem þeir urðu fyrir. Í könnuninni nú sögðust eingöngu 27% hafa tilkynnt brotið til lögreglu.
- Sama lækking kemur fram meðal þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum en tilkynningarhlutfall hefur verið í kringum 39% síðustu ár en er 21% í könnuninni nú.
- Ekki er hægt að bera saman innbrot og þjófnaði þar sem spurningunni var breytt í ár.
- Af þeim sem urðu fyrir þjófnaði tilkynntu 34% það til lögreglu.
- Af þeim sem urðu fyrir innbroti tilkynntu 51% það til lögreglu.
- Enginn svarenda sagðist hafa tilkynnt kynferðisbrot sem þeir urðu fyrir.
- Konur tilkynntu marktækt ofbeldisbrot frekar heldur en karlar.
- Fólk á aldrinum 36-55 ára tilkynntu þjófnaði frekar en fólk á öðrum aldri.



— Innbrot eða þjófnaður	65,3%	58,8%	71,1%	69,5%	59,4%	56,0%
— Eignaspjöll	47,1%	34,0%	45,3%	41,7%	35,8%	27,9%
— Ofbeldi	43,3%	38,6%	42,5%	47,8%	36,0%	41,1%
▲ Þjófnaður						34,4%
■ Innbrot						51,0%

	Fjöldi	Tilkynntu eignaskemmdir	Tilkynntu þjófnað	Tilkynntu innbrot	Tilkynntu ofbeldisbrot
Kyn					
Karl	112	22,1%	35,2%	45,1%	15,2%
Kona	98	18,2%	28,7%	49,2%	55,6%
Aldur					
18-25 ára	46	32,2%	28,1%	54,2%	10,5%
26-35 ára	33	14,1%	22,4%	35,0%	50,0%
36-45 ára	56	22,8%	44,9%	50,0%	25,0%
46-55 ára	49	17,6%	42,9%	50,0%	25,0%
56-65 ára	20	18,6%	20,0%		
66-75 ára	6	18,1%		33,3%	
Búseta					
Miðborg, Gamli Vesturbær	24	10,0%	32,0%	50,0%	57,1%
Hlíðar	18	15,4%	26,1%	66,7%	50,0%
Vesturbær, Seltjarnarnes	13	11,0%	52,9%	40,0%	
Laugardalur, Háaleiti	22	7,5%	47,4%	50,0%	50,0%
Breiðholt	23	19,4%	16,7%	43,8%	
Árbær	8	25,4%	25,0%		
Grafarvogur, Grafarholt	27	34,0%	26,7%	57,1%	16,7%
Kópavogur	30	23,6%	37,0%	21,4%	33,3%
Garðabær, Álftanes	8	21,4%	40,0%	66,7%	
Hafnarfjörður	35	43,1%	34,8%	47,1%	
Mosfellsbær, Kjalarnes	4		50,0%		100,0%
Löggæslusvæði					
Löggæslusvæði 1	40	11,0%	35,7%	56,0%	50,0%
Löggæslusvæði 2	42	39,3%	36,4%	45,0%	
Löggæslusvæði 3	53	21,6%	26,3%	33,3%	15,4%
Löggæslusvæði 4	39	22,5%	28,8%	55,6%	18,2%
Löggæslusvæði 5	37	10,3%	40,5%	47,4%	57,1%
Menntun					
Grunnskólapróf	52	22,3%	30,6%	60,6%	
Nám á framhaldsskólastigi	84	22,8%	32,5%	52,8%	36,8%
Nám á háskólastigi	74	16,5%	35,9%	35,9%	30,0%


Marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með bláu lettri

Ekki er marktækur munur er á milli hópa sem eru auðkenndir með rauðu lettri


*Hafa þarf í huga að í þessari könnun er spurt á annan hátt um það hvort fólk hafi orðið fyrir afbroti og meðal annars um fleiri tegundir brota og að sama skapi um það hvort fólk hafi tilkynnt brotin.

19 Hvers vegna tilkynntir þú ekki afbrotið til lögreglunnar?


- Í nær öllum þeim brotum sem spurt er um hér var ástæða þess að afbrot var ekki tilkynnt til lögreglu sú að brot var ekki talið nægilega alvarlegt eða talið var að lögregla gæti ekki aðhafst neitt þar sem sannanir vantaði.
- Eina undantekningin frá þessu eru ofbeldisbrotin en þar sögðu flestir að þeir hafi ekki tilkynnt brotið þar sem þeir töldu það ekki ofbeldis-mál.
- Merkja mátti við fleiri en eina ástæðu fyrir því að brot var ekki tilkynnt.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir þjófnaði árið 2012, tilkynntu ekki brotið.




Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir innbroti árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir kynferðisbroti árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir eignaskemmdum árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir ofbeldisbroti árið 2012, tilkynntu ekki brotið.

20 Hvers vegna tilkynntir þú afbrotið til lögreglunnar?


- Í öllum þeim brotum sem varða eignir fólks, þjófnuðum, innbrotum og eignaspjöllum var helsta ástæða þess að brotið var tilkynnt að fólk vildi fá bætur frá tryggingafélagi.
- Annað gildir um ofbeldisbrotin en þar sögðu flestir að þeir hafi tilkynnt brotið þar sem þeim fannst brotið vera alvarlegt.
- Önnur algengasta ástæða þess að brot var tilkynnt var sú að fólk vildi að gerandi fengi refsingu, þó var það ekki jafn mikilvæg ástæða hjá þeim sem urðu fyrir þjófnaði, en þeir vildi frekar fá viðurkenningu á því að brotið hefði verið á þeim.
- Merkja mátti við fleiri en eina ástæðu fyrir því að brot var tilkynnt.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir eignaskemmdum árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir þjófnaði árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir innbroti árið 2012, tilkynntu ekki brotið.



Ástæður þess að þeir sem urðu fyrir ofbeldisbroti árið 2012, tilkynntu ekki brotið.

Útkallsnúmer lögreglu er:

112
EINN EINN TVEIR

Lögreglustöðvar:

1. Grensásvegur 9, 108 Rvk.
2. Flatahraun 11, 220 Hfj.
3. Dalvegur 18, 201 Kóp.
4. Vínlandsleið 2-4, 113 Rvk.
5. Hverfisgata 113, 105 Rvk.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

